

## Vextir á lán og sparnað

Nafn: \_\_\_\_\_ Bekkur: \_\_\_\_\_

Skoðaðu reiknivélar um lán og sparnað á vefsíðu bankans þíns.

1. Elvar ætlar að taka óverðtryggt lán í bankanum sínum. Lánið sem hann tekur er 1.000.000 kr. með 12 % vöxtum á ári. Hann tekur lánið í 5 ár og greiðir til baka með jöfnum afborgunum. Settu tölurnar í lánareikni hjá bankanum og skoðaðu heildarniðurstöðu greiðslna.

Hver er Árleg hlutfallstala kostnaðar af láninu? Svar: \_\_\_\_\_

Hvað borgar Elvar til baka í heildina? Svar: \_\_\_\_\_

Finnst þér lánið vera dýrt?

2. Margrét ætlar að safna sér fyrir bíl. Hún gerir ráð fyrir að það taki hana 5 ár að safna fyrir bílnum. Ef hún leggur inn 25.000 kr. á mánuði inn á bankareikning með 4% vöxtum, hvað á hún þá að 5 árum liðnum.

Svar: \_\_\_\_\_

3. Hvað tekur langan tíma að safna fyrir bíl sem kostar 500.000 kr. ef við leggjum mánaðarlega 10.000 kr. á bankareikning með 4% vöxtum á ári.

Svar: \_\_\_\_\_

4. Hvað borgum við mikið í vexti og gjöld ef við kaupum bílinn strax með því að fá 500.000 kr. óverðtryggt lán í 3 ár (1380 daga) með jöfnum afborgunum á 10% vöxtum?

Svar: \_\_\_\_\_